

Alþingi
Erindi nr. P 135/705 KJARARÁÐ
komudagur 4.12.2007

Efnahags- og skattanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mál nr. 07110005
Reykjavík, 3. desember 2007


Erindi:

Frumvarp til laga um kjararáð 237. mál

Frumvarp til laga um kjararáð hefur borist kjaranefnd til umsagnar. Kjaranefnd var lögð niður með lögum nr. 47/2006 og hefur kjararáð tekið við verkefnum nefndarinnar.

Fjallað hefur verið um erindið og mun kjararáð ekki tjá sig um efni frumvarpsins að öðru leyti en því, að ekki má leika vafi á því hverjir muni færast undir ákvörðunarvald þess af þeim sem ráðið hefur úrskurðað að ekki heyri lengur undir það, hvað laun og starfskjör varðar. Verði frumvarpið að lögum lítur ráðið svo á að það eigi aftur að ákveða laun þeirra sem skipaðir eru skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands, hvort sem þeir stýra skrifstofu eða ekki. (Rúmlega 60 manns hafa nú skipun sem skrifstofustjórar í ráðuneytum og eru þá ekki meðtaldir sendiherrar og sendifulltrúar sem gegna tímabundið starfi skrifstofustjóra á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytsins.) Að auki hefur ráðið úrskurðað að fjórir forstöðumenn heyri ekki undir ákvörðunarvald þess. Um er að ræða framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og forstöðumenn fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri, á Kvíabryggju og á Litla-Hrauni. Svo virðist sem skilja eigi frumvarpið þannig, að kjararáð eigi á nýjan leik að ákveða laun þessara forstöðumanna.

Virðingarfyllst,
f.h. kjararáðs



Guðrún Zoëga
formaður